

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Innflytjendur og staða þeirra á vinnumarkaði á Covid árinu 2020

Nafn styrkþega: Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Útdráttur: Um aldamótin voru innflytjendur um 3% af íbúum landsins. Í dag eru þeir nær 16% og ekki útlit fyrir annað en að þeim muni fjölga áfram á næstu árum. Erlendar rannsóknir benda til að innflytjendur séu sérstaklega viðkvæmir á kreppu og samdráttarskeiðum. Í þessari rannsókn var staða innflytjenda á vinnumarkaði á greind Covid-árinu 2020. Það var aðallega gert með því að bera saman stöðu Íslendinga á vinnumarkaði þess ár við innflytjendur. Markmiðið var að greina hvort innflytjendur stæðu verr að vígi og þá sérstaklega með hliðsjón af sex vinnumarkaðstengdum þáttum; atvinnuöryggi, úrvali atvinnu, möguleikum á eigin atvinnurekstri, ánægju með laun, uppgefnar tekjur og sjálfsmetinni hamingju. Rannsóknin er byggð á 16.000 manna skoðanakönnun sem gerð var á árunum 2016, 2017 og 2020. Helstu niðurstöður eru þær, að af áður nefndum sex þáttum komu innflytjendur verr út í fimm þáttum. Eini þátturinn sem þeir komu ekki verr út úr var ánægja með laun en þar stóðu innflytjendur jafnfætis innfæddum og jafnvel þó þeir hefðu mælst með lægri laun en innfæddir. Að öðru leyti mátu þeir stöðu sína verr en hjá innfæddum og verst þegar spurt var um atvinnuöryggi. Í rannsókninni gafst kostur á að meta vinnumarkaðstengda þætti saman við 36 aðra þætti sem flokka mætti sem nauðsynleg og nægjanleg búsetuskilyrði. Slíkur samanburður á milli ára leiddi jafnframt í ljós að frá 2016 til 2020 versnuðu vinnumarkaðstengdu þættirnir hlutfallslega mest. Aftur skar atvinnuöryggi sig úr, þar sem sá þáttur versnaði mest hjá innflytjendum á þessu tímabili. Af öðrum þáttum sem innflytjendur töldu sig standa lakar að vígi en áður má nefna framfærslu og ýmsa þjónustu.

Name of the project: : Immigrants in the labour market of Iceland during the year of the Covid-crisis 2020

Name of grantee: The Federation of Municipalities in West-Iceland

Project description: At the turn of the century, immigrants were about 3% of the country's population. Today they are closer to 16% and, most likely, their number will continue to increase in the coming years. Foreign studies indicate that immigrants are particularly vulnerable during crises and recessions. In this study, the position and wellbeing of immigrants on the labor market in the year of Covid 2020 was analyzed. It was mainly done by comparing them to the native population. The aim of the research was to prioritize the following six factors: job security, job opportunities, possibility of self-employment, satisfaction with earnings, self-reported income

and perceived happiness. The study is based on a survey of 16,000 respondents conducted in 2016, 2017 and 2020. The main results are that out of the aforementioned six factors, immigrants did worse in five of them. Satisfaction with earnings was the only factor which was not unfavorable to the immigrants; they turned out to be equally satisfied with their earnings despite earning less than the local population when self-reported income was assessed. Job security showed the worst outcome for immigrants compared to locals in 2020. In the study, it was possible to evaluate and compare labor market-related factors together with 36 other elements that could be classified as providing necessary and acceptable living conditions (sometimes called Quality of life factors). Such a comparison between years also revealed that from 2016 to 2020 factors relating to the labor market fared worst proportionally. Again, job security stood out, as the factor which worsened the most for immigrants during this period. Among other aspects that immigrants considered weak, we can cite household expenses and various services.